**Sveitarfélagið Árborg**
Ráðhús Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfossi

Dags; 21.03.2022.

**Varðar: Ósk um vilyrði fyrir úthlutun á lóð**

Undirritaður, f.h. SKEL fjárfestingafélags hf og Orkunnar IS ehf óskar eftir að fyrirtækinu verði veitt vilyrði fyrir úthlutun á lóð undir starfsemi Orkunnar og Löðurs.

Áform okkar eru að byggja upp aðstöðu fyrir bílatengda þjónustu á lóðinni. Má þar nefna húsnæði fyrir þjónustustöð Orkunnar, fjölorkustöð til sölu á eldsneyti og raforku og veitingaþjónustu. Jafnframt er fyrirhugað að reisa á lóðinni aðstöðu fyrir bílaþvottastöð undir merkjum Löðurs.

Samanber samtal á fundi okkar fyrir rúmri viku með forsvarsmönnum Árborgar kom til tals að staðsetning á umræddri lóð væri austan megin byggðar á Selfossi, tengd þjóðvegi 1, við nýja brú sem fyrirhuguð er yfir Ölfusá.

Jafnramt hefur félagið áhuga á að skoða uppbyggingu á sjálfsafgreiðslustöð fyrir Orkuna í vesturhluta Selfoss til að þjónusta íbúum á því svæði.  Fyrirhuguð uppbygging á lóðinni er hluti af framtíðaruppbyggingu fyrirtækisins á bílatengdri þjónustu í Árborg til lengri tíma.

Við hlökkum til að fá viðbrögð við ósk þessari og vinsamlega hafið samband við undirritaðan ef spurningar vakna.

Virðingafyllst f.h. SKEL fjárfestingafélags hf. og Orkunnar IS ehf

____________________________________
Ólafur Þór Jóhannesson, forstjóri
olafur@skel.is, sími 6599200